

Umsókn um starfsleyfi

Umsækjandi:

Umsækjandinn er: Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Strönd

851 Hellu

Kennitala: 600893-2469

1. Inngangur

Í október 2013 sendi Sorpstöð Rangárvallasýslu svarbréf til Umhverfisstofnunar vegna þess að krafa um botnþéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns á urðunarsvæðinu við Strönd hafði ekki verið uppfyllt. Í bréfinu kom fram að Sorpstöðin ráðgerði að sækja um undanþágu til Umhverfisstofnunar samkvæmt 25.gr. reglugerðar nr. 738/2003 og fara fram á að Umhverfisstofnun minnki kröfur um botnþéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns á urðunarsvæðinu að Strönd. Þessu til stuðnings áformaði Sorpstöðin að skila inn til Umhverfisstofnunar áhættumati sem ætlað að sýna fram á að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðuninni. Í bréfi til Umhverfisstofnunar í desember 2013 kom hins vegar fram að sé vilji til þess hjá Sorpstöðinni að óska eftir framangreindri undanþágu þurfi að sækja um nýtt starfsleyfi þar sem slík undanþága fæst einungis í starfsleyfi. Þann 5. maí 2014 sendi Sorpstöðin inn umsókn um starfsleyfi ásamt áhættumati með óskum um minnkun krafna um botnþéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns. Þann 4. nóvember 2014 sendi Umhverfisstofnun Sorpstöðinni bréf þar sem stofnunin ítrekar áform um áminningu frá 26. apríl 2013, sbr. 2. mgr.66. gr. laga nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs fyrir frávík sem varðar að krafa um botnþéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns á urðunarstaðnum sem ekki hefur verið uppfyllt. Vegna þessa sendir Sorpstöð Rangárvallasýslu hér inn endurnýjaða umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn að Strönd.

Með þessari umsókn um starfsleyfi fylgir áhættumat samkvæmt framangreindu ásamt ósk um minnkun krafna um botnþéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns fyrir þann hluta urðunarstaðarins þar sem urðaður verður óvirkur og grófur úrgangur. Vísað er í niðurstöðu áhættumatsins í lok umsóknarinnar (Viðauki A).

Sorpstöðin hefur gert tilraunir með að jarðgera lífrænan sláturúrgang (mest fiður frá kjúklingaslátrun) í samstarfi við Gámaþjónustuna og hefur Umhverfisstofnun verið upplýst um stöðu mála. Niðurstaðan er í stuttu máli jákvæð og hyggst Sorpstöðin nýta lífrænan sláturúrgang til jarðgerðar í framtíðinni. Sorpstöðin mun halda áfram að vinna að undirbúningi og áframhaldandi þróun í þessum málum og sækir því um rýmra magn sem Sorpstöðin hefur til jarðgerðar frá fyrra starfsleyfi. Þegar Sorpstöðin fer í fullgerða jarðgerðarstöð verður ákvæði um jarðgerð samkvæmt starfsleyfi virkjað.

Búið er að samþykkja deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn þar sem meðal annars er gert ráð fyrir jarðgerðarstöð sem getur tekið á móti öllum lífrænum úrgangi á

svæðinu. Gert er ráð fyrir að þessari aðstöðu verði komið á laggirnar á fyrri helmingi starfsleyfistímans.

Sorpstöðin sækir einnig um heimild til að urða lífrænan úrgang í framtíðinni í sérstökum urðunarreinum þar sem verður full botnpétting og söfnun sigvatn. Þegar framhaldið verður urðun á lífrænum úrgangi verður það gert í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um botnpéttingu og söfnun sigvatns. Ekki hefur þó verið tímasett hvernær farið verður í það að koma upp botnpéttingu og sigvatnssöfnun, en Umhverfisstofnun verður boðið að taka út þann búnað/aðstöðu áður en urðun lífræns úrgangs hefst aftur.

2. Staðsetning urðunarstaðar

Staðsetning Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er að Strönd, miðsvæðis milli Hellu og Hvolsvallar, norðan við Þjóðveg 1 og vestan Kirkjubæjarveggar. Fjarlægð frá næstu mannvirkjum/byggð (golfvelli og -skála) er um 700 m. Staðurinn er í landi Strandar í Rangárþingi ytra.

3. Skipulagsmál

Núverandi svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. er skilgreint sem „Sorpörgunarstöðvar“ skv. Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, og næsta nágrenni skilgreint sem óbyggt svæði í aðalskipulaginu.

Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn sem tók gildi í október 2013 (sjá Viðauka B).

4. Mat á umhverfisáhrifum og núverandi starfsleyfi

Mat á umhverfisáhrifum stækkunar urðunarstaðins að Strönd lauk árið 2006. Í þessari umsókn er ekki gert ráð fyrir neinum meiriháttar breytingum á urðunarstaðnum frá þeim áætlunum sem mat á umhverfisáhrifum náði til.

Núverandi starfsleyfi er útgefið af Umhverfisstofnun og gildir til ársins 2018.

5. Tegund og magn úrgangs sem sótt er um

Sótt er um óbreytt magn til urðunar frá fyrra starfsleyfi og er það eftirfarandi.

Til urðunar á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu:

Lífrænn úrgangur í sérstakri urðunarrein	800 t
Óvirkur úrgangur ¹ og byggingarúrgangur ²	2.500 t
Samtals	3.300 t

Einnig er óskað eftir aðstöðu fyrir geymslu á spilliefnum sem kunna að berast frá

¹ Að stærstu leyti glerafskurður oþh.

² S.s. gler, steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik, jarðvegur og steinar

almenningi eða smærri fyrirtækjum sem síðar verða sendi til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þetta sé þó þannig að ekki sé um að ræða mjög hættuleg efni og engin meðhöndlun þeirra fari fram að Strönd önnur en söfnun og geymsla þeirra til skamms tíma. Móttaka og meðhöndlun spilliefna verði að öðru leyti bönnuð nema með söfnun samkvæmt framangreindu. Berist spilliefni óvænt með úrgangsförnum telst það ekki móttaka eða meðhöndlun enda sé spilliefnum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri. Gert er ráð fyrir að viðunandi aðstaða verði gerð fyrir þessa starfsemi að Strönd á árinu 2015.

Sótt er um sama magn af lífrænum úrgangi til urðunar og kveðið er á um í núverandi starfsleyfi. Þeim úrgangi verður komið fyrir í sérstökum urðunarreinum með fullri botnþéttingu og sigvatnsöfnun í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 738/2003.

Á starfssvæði Sorpstöðvarinnar hefur af og til verið rifin niður hús og húsgrunnar sem komið hafa til urðunar að Strönd. Að mestu leyti er um að ræða óvirkan byggingarúrgang s.s. grunna úr steinsteypu, mürsteina og gler. Þessi tilfelli eru sjaldgæf en þó gera má ráð fyrir tilfellum sem þessum á nokkurra ára fresti. Því sækir Sorpstöðin um áframhaldandi heimild um að taka á móti meira magni af byggingarúrgangi en að framan greinir eða allt að 2.000 t af óvirkum byggingarúrgangi á 4. ára fresti til að bregðast við þeirri stöðu sem upp kann að koma á starfssvæði Sorpstöðvarinnar ef magn óvirsks byggingarúrgangs eykst verulega.

Vegna aukinnar áherslu Sorpstöðvarinnar á að jarðgera lífrænan slátúrgang (fiður) í nánustu framtíð þá er óskað eftir að magn lífræns úrgangs til jarðgerðar að Strönd verði aukið úr 1.400 tonnum í 2.200 tonn en það er það magn sem áætlað er að verði jarðgert þegar Sorpstöðin verði komið með fullgerða jarðgerðarstöð í rekstur.

- Til geymslu á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Rúlluplast	500 t
------------	-------

- Til jarðgerðar á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu:

Lífrænn úrgangur ³	2.200 t
-------------------------------	---------

- Tekið á móti og sent til meðhöndlunar annars staðar:

Hjólbarðar	100 t
------------	-------

Málmar	1.000 t
--------	---------

Spilliefni	50 t
------------	------

Samtals	1.150 t
---------	---------

Samtals er það magn sem tekið yrði á móti því allt að 5.850 t á ári.

6. Móttökugeta og áætlaður rekstrartími

Gert er ráð fyrir að svæðið dugi næstu 16 árin eða til ársins 2030 og miðast rekstrartími við það.

7. Lýsing urðunarstaðar

Sorpstöðin að Strönd er staðsett á hinum fornu og víðáttumiklu óseyramyndunum

³ Fiður, garðaúrgangur, trjáafklippur og hrossaskítur

Rangárvalla, miðja vegg milli Hellu og Hvolsvallar. Þarna eru þykk laus jarðlög sem hlaðist hafa upp á berggrunni sem er 3-4 milljón ára gamall. Neðst er þéttur jökulruðningur frá lokum síðasta jökulskeiðs og þar fyrir ofan eru nokkurra metra þykk, fingerð sjávarsetlög, en sjór stóð um 100 m hærra á þessum slóðum í ísaldarlok en hann gerir nú.

Lektar- og síunareiginleikar jarðgrunns

Sand- og malarlögin í efri hluta setlaganna sem hylja Rangárvelli eru vel vatnsleiðandi eins og best sést á því hve greiðlega úrkoma og yfirborðsvatn sigur þar í jörð. Í berggrunnum þar undir má vænta svipaðrar lektar utan sprungusvæða en sprungur í berggrunni geta aukið verulega á lektina svæðisbundið.

Grunnvatn

Dýpi á grunnvatn virðist vera tiltölulega mikið á Rangárvöllum en undir sorpstöðinni eru að jafnaði um 10 m niður að grunnvatnsborðinu. Síritun grunnvatnshæðar hófst í október 2010, í mæliholu ST-6 sunnan svæðisins. Gögn fram til nóvember 2011 sýna, að sveifla grunnvatnsborðs er um 1,4 m á tímabilinu. Lágmark var í janúar en hámark í maí. Síðasta ár var reyndar annað árið í röð með óvenjulega lágru grunnvatnsstöðu á landinu. Óvenjulegt er að lágmark grunnvatnshæðar sé svo seint að vetrinum eins og raunin var síðasta vetur en venjulegra að það sé að hausti eins og raunin virðist ætla að vera á yfirstandandi ári. Frá vori 2011 hefur grunnvatnshæð verið sírituð í þremur mæliholum umhverfis urðunarsvæðið og er ætlunin að nýta gögnin úr öllum þremur mæliholum til að fá gott mat á meðalgrunnvatnshalla undir urðunarsvæðinu, yfir lengra tímabil.

Við þær aðstæður sem ríkja á Rangárvöllum er líklegt að grunnvatnsborðinu halli í stórum dráttum líkt og yfirborði og að stefna grunnvatnsstraums sé frá norðaustri til suðvesturs.

Yfirborðsvatn

Þar sem sand- og malarlögin í efri hluta setlaganna á svæðinu eru vel vatnsleiðandi er lítið um rennsli á yfirborði. Hróarslækur og Strandarsíki eru einu lækirnir á milli Rangáanna. Hróarslækur fellur í Ytri-Rangá og Strandarsýki í Eystri-Rangá en í vætutíð og leysingum rennur vatn að auki um Síki, Skollagróf og Hofssíki.

Sorpstöðin er nálægt því að vera á vatnaskilum Hróars-lækjar og Strandarsíkis en er þó líklega öll á vatnasviði þess síðarnefnda. Þurr lækjarfarvegur lá í gegnum stöðina og um hann gat runnið vatn í stórrigningum og leysingum til Strandarsíkis. Slíkt hefur þó ekki gerst um síðan stöðin tók til starfa.

Í dag fer fram vöktun á grunnvatni í nokkrum holum á svæðinu samkvæmt núverandi starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að vöktun haldi áfram með sama hætti og nú er og því er óskað eftir óbreyttu vöktunarfyrirkomulagi.

8. Áhættumat

Samkvæmt 3. gr. í I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 skal sýna fram á að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðun óvirks og gróf úrgangs eða að ekki sé þörf á sigvatnssöfnun. Ákvörðun um slíkt skuli byggjast á framlögðum gögnum um áhættumat í umsókn um starfsleyfi.

Samkvæmt framangreindu hefur nú verið gert áhættumat fyrir urðunarstaðinn að

Strönd, þar sem m.a. er stuðst við norskar leiðbeiningar SFT (*Veileder om miljørisikovurdering af bunntetting og oppsamling av sigevann ved deponier, 2003*). Í leiðbeiningunum er lýst eftirfarandi þremur þrepum sem fylgja skal við áhættumat á urðunarstöðum:

1. Lýsa eiginleikum sigvatns frá urðunarstaðnum.
2. Lýsa vatnsbúskap og jarðfræði svæðisins auk hugsanlegra rennislíða.
3. Líkangerð af dreifingu sigvatns frá urðunarstað til viðtaka.

Í Viðauka A hér á eftir er áhættumat fyrir staðinn gert því lýst og í lokin dregin saman niðurstaða áhættumatsins.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds áhættumats er talið að fyrirhugaður urðunarstaður Sorpstöðvar Rangárvallasýslu hafi ekki mikla áhættu í för með sér fyrir jarðveg, grunn- eða yfirborðsvatn. Sorpstöðin sækir því hér með um undanþágu til Umhverfisstofnunar samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003 og fara fram á að Umhverfisstofnun minnki kröfur um botnpéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns á urðunarsvæðinu að Strönd fyrir þann hluta svæðisins þar sem urðun á ólífrænum úrgangi fer fram.

9. Viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og lokunaráætlun

Viðbragðsáætlun og neyðaráætlun eru nú þegar í gildi fyrir staðinn. Óskað er eftir að þær verði áfram í gildi.

Gert er ráð fyrir að lokunaráætlun verði með sama hætti og í núverandi starfsleyfi (kafli 1.7).

10. Tryggingar

Í gildi eru tryggingar fyrir staðinn sem útgefin er af VIS.